

Fundargerð

Aðalfundur SNS á Húsavík 4. nóvember 2005, kl: 9.00-12.00.

Fundinn sátu forstöðumenn allra náttúrustofa:

Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða
Sveinn Kári Valdimarsson frá Náttúrustofu Reykjaness
Ingvar Atli Sigurðsson frá Náttúrustofu Suðurlands
Þorsteinn Sæmundsson frá Náttúrustofu Norðurlands vestra
Róbert Arnar Stefánsson frá Náttúrustofu Vesturlands
Þorkell Lindberg Þórarinsson frá Náttúrustofu Norðausturlands
Guðrún Á. Jónsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands

Einnig sátu eftirfarandi starfsmenn fundinn:

Frá Náttúrustofu Norðausturlands: Sesselja Guðrún Sigurðardóttir
Frá Náttúrustofu Vestfjarða: Böðvar Þórisson, Petrína Sigurðardóttir, Anna Guðrún Edvardsdóttir og Jóhann Hannibalsson
Frá Náttúrustofu Suðurlands: Yann Kolbeinsson og Fíona Mansons.
Frá Náttúrustofu Austurlands: Erlín Emma Jóhannsdóttir, Rán Þórarinsdóttir
Frá Náttúrustofu Reykjaness: Linda Björk Hólm

Fundargerð skráði Rán Þórarinsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla reikninga
3. Lagabreytingar
4. Skipun stjórnar
5. Skipun í vinnuhópa
 - a) Samstarfsnefnd við NÍ
 - b) Samstarfsnefnd við UST
6. Kosning skoðunarmanna reikninga
7. Ákvörðun næsta ársfundar
8. Ákvörðun um árgjöld og eða önnur framlög
9. Tillaga stjórnar um breytingu á heimasíðu SNS
10. Tillaga stjórnar um úttekt á náttúrustofum

11. Tillaga stjórnar um ritröð náttúrustofa

12. Tillaga um tækjalista

13. Önnur mál

-Rammasamningur við Hólaskóla

-Starfsmannafatnaður

-Starfsmenn í láni eða í námi hjá öðrum stofum

Þorleifur: Setur aðalfund og þakkar nefndinni sem sá um að koma á aðalfundi og ársþingi.

Fundarstjóri skipaður Guðrún Á. Jónsdóttir

1. Skýrsla stjórnar

Þorleifur flutti skýrslu stjórnar: Tveir stjórnarfundir hafa verið haldnir frá síðasta aðalfundi og fundargerðir eru til frá þessum fundum (voru sendar út jafn óðum til forstöðumanna).

Eftirfarandi tillögur eru lagðar fram af stjórn:

-Ritröð náttúrustofa

-Fréttasíða/ heimasíða náttúrustofanna. Stofurnar eru misduglegar við að senda inn efni og er umfjöllun um hverja þeirra eftir því mismikil. Stjórn leggur til að hætt verði að birta fréttir á sns.is. Vanda þyrfti frágang heimasíðu svo viðhald hennar verði sem minnst.

-Tækjamiðlun náttúrustofa. Þyrfti að koma á kerfi sem gerir stofunum auðveldara fyrir að samnýta tæki og vita hvað er til innan banda náttúrustofanna. Koma á leigu- og/eða lánskerfi og lista frá hverri stofu þar sem öll tiltæk tæki eru skráð.

Stjórnin er ánægð með árið. Þakkar fyrir starfið. Allar stofur hafa fengið fundargerðir frá nefndafundum sendar.

2. Afgreiðsla reikninga

Þorleifur: Leggur fram ársreikninga. Petrína hjá Náttúrustofu Vestfjarða sér um bókhaldið. Skoðunarmenn (Líneik Anna Sævarsdóttir og Sigríður Elísabet Elísdóttir) hafa ekki séð þessa reikninga. Með fyrirvara um að skoðunarmenn fallist á það voru reikningarnir samþykktir.

Þeir verða sendir skoðunarmönnum sem fyrst. Náttúrustofa Vestfjarða býðst til að sjá um þessa reikninga á næsta ári einnig. Var það samþykkt á fundinum.

3. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar á dagskrá. Því farið strax í fjórða lið.

4. Skipun stjórnar

Þorleifur: Stjórn leggur til að Guðrún verði kjörin í stjórn og að Sveinn Kári verði kjörinn formaður. Ingvar Atli verður áfram í stjórn. Úr stjórn gengur Þorleifur.

Þetta var samþykkt einróma á fundinum. Næsta starfsár verður stjórnin því þannig skipuð:

Guðrún Á. Jónsdóttir, Ingvar Atli Sigurðsson og Sveinn Kári Valdimarsson, sem er formaður.

5. Vinnuhópar , skýrslur og skipan manna

a) Samstarfsnefnd við Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ)

Þorsteinn og Guðrún eru í þessari nefnd.

Þorsteinn: Lítið gerst síðan í maí 2004 og eiga báðir aðilar (NÍ og SNS) sök á því. Fundur var haldinn fyrir síðasta aðalfund í maí 2004 og var þar mikill samstarfsvilji og góður andi.

Þorleifur spyr hvenær umræðan verði tekin upp aftur. Þorsteinn talar um að ástandið sé ágætt og að töluvert samstarf sé í gangi. Guðrún vill fund í vetur. Hafa hann vel undirbúinn með tengilið frá NÍ. Hafa samstarfið sýnilegra. Þorleifur nefnir arnasamstarf sem verið hefur milli stofnanna. Ekki er borgað neitt fyrir þá vinnu sem Náttúrustofur Vesturlands og Vestfjarða leggja í þetta samstarf. Það er í góðu lagi en þó mætti vera almennari eða sýnilegri viðurkenning á þessu samstarfi. NÍ nefnir þó þetta verkefni á vefnum hjá sér en það gildir ekki um allt samstarf. Rjúpnaverkefnið annað dæmi um samstarf.

Sveinn tekur undir orð Guðrúnar um að það þyrfti að gera samstarfið sýnilegra með t.d samningum. T.d. með rjúpnaverkefnið. Guðrún bætir við öðru dæmi um samstarf sem er vinna NÍ og Halldórs Walters hjá NA með gæsir og aðra fugla sem NÍ greiðir fyrir.

b) Samstarfsnefnd við UST

Ingvar og Þorleifur eru í þessari nefnd

Ingvar: Ekkert gerst frá síðasta fundi sem var á síðasta ári en þar var lögð til gagnkvæm upplýsingaskylda. Samvinna þarf að vera um greiðara upplýsingaflæði varðandi náttúruverndarmál og umhverfisslys. Náttúrustofurnar þurfa að fá upplýsingar um slíkt.

Guðrún minnst á samstarf varðandi friðlýsingu ákveðinna landsvæða á Austurlandi. Lindi talar um samningsbundið samstarf við gerð verndaráætlunar við Mývatn og Laxá.

Lögbundinn samráðsfundur umhverfissráðuneytisins, UST, NÍ og náttúrustofa ætti að vera búinn. Hann á að vera á tveggja ára fresti. Þyrfti að minna umhverfissráðurneytið á þetta.

Guðrún baðst undan því að sitja áfram í samstarfsnefnd við NÍ og var Róbert kosinn í hennar stað. Annars starfa nefndir óbreyttar.

Kaffihlé

6) Kosning skoðunarmanns reikninga

Skoðunarmenn eru Líneik Anna og Sigríður Elísabet en hvorug þeirra var mætt.

Skoðunarmenn voru einróma kosnir áfram.

7. Næsti ársfundur ákveðinn:

Þorleifur: Hann og Guðrún leggja til að næsti ársfundur verði haldinn í Sandgerði eða í Stykkishólmi og verði með ráðstefnusniði (pósterar og fyrirlestrar).

Sveinn og Róbert taka vel í þetta. Þorsteinn vill að skemmri tími en tvö ár líði á milli. Umræða: Finna þarf jafnvægi milli stærðar hvernar ráðstefnu og tíðni hennar. Spurning hvort við höfum bolmagn til að gera þetta árlega. Þorleifi finnst hljóma skynsamlega að halda hana á þriggja ári fresti. Anna bendir á að nógu stór biti sé að ákveða næstu ráðstefnu og sjá hvernig tekst til áður en ákveðið er með framhaldið. Róbert er með reynslu varðandi ráðstefnuhald og finnst þetta góð hugmynd en ítrekar vinnuna í kringum þetta. Leggur til að halda fyrstu ráðstefnuna vorið 2007 en sjá svo til með tímasetningu þeirrar næstu. Þorleifur vill skipa undirbúningsnefnd og segir að ekki þurfi að binda staðsetningu við aðalaðsetur

stofanna. Þorsteinn vill hafa þetta á landsbyggðinni og þar sem náttúrustofurnar eru til húsa. Róbert vill að næsta ráðstefna verði sérstaklega vönduð og að sniðugt sé að hafa hana staðsetta nálægt höfuðborginni svo hún verði betur sótt.

Sveinn leggur til að hann sjálfur, Róbert og Þorleifur setjist í undirbúningsnefndina, sem komi með tillögur um nánari útfærslu. Það var einróma samþykkt.

8. Ákvörðun um árgjöld og eða önnur framlög

Þorleifur: Greiða þyrfti fyrir fasta vinnu á vegum SNS og ættu náttúrustofurnar að skipta með sér kostnaði. Leggur til árgjöld og eða að beinn útlagður kostnaður verði greiddur. Þorsteinn leggur til 200.000 kr á stofu í árgjald. Með því móti eignast SNS eigin sjóð. Sveinn andmælir. Hann vill ekki greiða fyrirfram í lauslega skilgreindan almennan sjóð SNS. Ekki á að líta á starf innan SNS sem tekjulind. Þó er sjálfsagt að greiða dagpeninga og beinan útlagðan kostnað við t.d. gerð heimasíðu.

Þorsteinn leggur til að ferðakostnaður og dagpeningar á vegum SNS borgist sameiginlega. Ingvar samþykkir þetta. Lindi sáttur við síðustu tillögur Þorsteins en vill ekki fast árgjald.

Róbert vill ekki árgjald en hugsanlega mætti safna fyrir sérstökum verkefnum, t.d. mætti leggja fyrir peninga sem fara beint í næstu ráðstefnu. Í því samhengi mætti opna sameiginlegan reikning sem væri eyrnamerkur henni. Þorsteinn sáttur við stofnun sérverkefnasjóðs.

Stjórninni var falið að vinna að útfærslu slíks sjóðs fyrir áramótin næstu. Þetta var einróma samþykkt á fundinum.

9) Tillaga stjórnar um breytingu á heimasíðu SNS

Þorleifur: Hanna þyrfti heimasíðu sem ekki þarfnast reglulegrar uppfærslu. Slíkt krefst ákveðins stofnkostnaðar eða breytinga á gerð síðunnar. Stjórn leggur til að skipa einhvern til að sjá um þetta. Á þessari síðu þurfa m.a. að koma fram greinagóðar grunnupplýsingar um hlutverk stofanna. Betra er að vera ekki með fréttir eða annað sem þarf að uppfæra mjög reglulega. Síðan þarf að hafa umsjónarmann sem fær borgað. Þorsteinn vill að stjórn sjái um að ganga frá þessu. Var það samþykkt á fundinum.

10. Tillaga stjórnar um úttekt á náttúrustofum

Anna: Dreifir greinargerð til allra forstöðumanna. Mætti nota þessa úttekt til áframhaldandi stefnumótunar stofanna. Á það við um hverja stofu fyrir sig en einnig stefnu SNS. Það þyrfti að greiða fyrir þetta verkefni. Stjórn leggur til að svona úttekt verði gerð. Sveinn vill að Anna og Þorsteinn finni mann í þetta og leggi fram kostnaðaráætlun. Samþykkt.

11. Ritröð

Sveinn: Lagði fram tillögur og greinargerð um reglur ritraðar. Vill að ritstjórn komi með tillögur í ritið og leggi fram greinargerð um efnistöð og kostnað sem síðan verði samþykkt af forstöðumönnum.

Róbert segist ekki sjá að þetta geti gengið upp kostnaðarlega. Um sé að ræða allt of stórt batterí. Miklir erfiðleikar fylgja því að fá efni í sambærilegar ritraðir sem nú þegar eru til. Markaðurinn er lítill bæði af lesendum en sérstaklega af fólki sem er tilbúið að skrifa í þessi blöð. Þorleifur telur að þetta sé hægt. Nefnir Rit Landverndar sem dæmi og að nota megi það sem fyrirmynd. Það rit er reyndar dýrt en fær ákveðna dreifingu. Leggur til að prófa eitt eintak og sjá hver reynslan verður. Lindi vill fá kostnaðaráætlun.

Fundarmeðlimir leggja til að ritnefnd vinni áfram og leggi til ítarlega greinargerð og kostnaðaráætlun, jafnvel tilboð. Innan SNS er áhugi á útgáfu slíks rits með fyrirvara um að ofangreint sé ásættanlegt.

12. Tillaga um tækjalista

Þorleifur: Skrifa niður tæki sem eru tiltæk til útláns og óskalista um tæki sem vantar. SNS gæti hugsanlega komið að kaupum.

Guðrún: Einnig föst tæki skráð. Fólk getur komið og fengið aðgang að búnaði. Vill að hver stofa eigi sín tæki en að hugsanlega verði greitt fyrir notkun þeirra. Það er einfaldara varðandi viðhald og annað.

Samþykkt að stjórn hafi frumkvæði að því að útbúa slíkan lista en að hver stofa útbúi óskalista um tæki. Þetta þarf að vera til fyrir áramót.

13. Rammasamningur við Hólaskóla

Þorleifur: Samningur er tilbúinn til undirskriftar og samþykkir SNS að formaður undirriti samninginn f.h. stofanna.

14. Önnur mál

-Starfsmannafatnaður

Starfsmenn lögðu til að nauðsynlegur sérhæfður vinnufatnaður (t.d. vöðlur, eða hanskar) yrði útvegaður þeim að kostnaðarlausu og jafnframt að SNS beitti sér fyrir niðurgreiðslum á öðrum starfsmannafatnaði.

Sveinn: Stjórn útvegi afslátt hjá ákveðnum fyrirtækjum en að öðru leyti sér hver stofa um frekari útfærslu. Samþykkt.

-Starfsmenn í láni eða í námi hjá öðrum stofum

Starfsmenn náttúrustofanna lögðu fram tillögu um að auka þekkingarvið hvernar stofu með því að koma á eða auðvelda starfsmannaskipti/-lán milli stofanna. Heilmikil sérþekking er til innan hvernar stofu. Í sumum tilfellum vinna því stofurnar utan síns landshluta, sem er í góðu lagi. Í sumum tilfellum er hinsvegar um að ræða takmarkaðan þátt í stærra verkefni eða stofan með sérþekkinguna ekki tiltæk. Í slíkum tilfellum gæti verið þægilegra að senda starfsmann í læri eða fá sendan starfsmann frá annari stofu þar sem sérþekkingin er fyrir hendi og láta hann vinna verkið í samvinnu við stofuna og eða kenna fræðin.

Anna leggur til að forstöðumenn útfæri þetta í samvinnu við starfsmenn. Ekki er hægt að binda formið á þessu neitt frekar varðandi kostnað og annað. Hvert verkefni þarf að ákveðast fyrir sig. SNS er hlynnt því að auka samstarf á þennan hátt og hvetur til starfsmannaskipta í lengri eða skemmri tíma.

-Einstök samstarfsverkefni

Dæmi um verkefni: Gunnar hafði nefnt mófuglavöktun daginn áður sem gott dæmi um verkefni sem allar stofurnar gætu unnið saman að. Þessu var vel tekið og aftur lagt fram á aðalfundinum í fjarveru Gunnars. Sveinn lagði til eftirfarandi skipun nefndar sem sjá ætti um nánari útfærslu: Lindi, Yann, Böðvar og Gunni. Var þessi tillaga samþykkt af öllum fundarmeðlimum.

-Kjaramál starfsmanna náttúrustofa

Róbert: Leggur fyrir stutta greinargerð. Þessi mál hafa lengi verið í reiðuleysi. Það þarf að taka þetta skipulega fyrir og leggur til að fá óháðan lögfræðing til að fara með málið. Sjá greinargerðina.

Sveinn spyr af hverju þurfi óháðan lögfræðing en ekki lögfræðing FÍN? Með því hlyti að sparast peningur. Þorsteinn telur þetta ekki mikinn kostnað. Hugsanlega mætti einnig leggja þetta mál fyrir lögfræðing Launaneftdar sveitarfélaga.

Þorleifur telur að ástandið sé svo ólíkt milli stofa. Má koma fram að þetta eigi ekki við um allar stofur. Þorsteinn vill tryggja að þær stofur sem eru sáttar í dag gætu misst starfsnáði með breytingum á skipan sveitarstjórna og stjórna náttúrustofa þar sem reglur um þennan þátt starfseminnar eru óljósar. Róbert telur brýnt að við stöndum saman þó sumir séu sáttir í dag. Guðrún spyr hvort ætti ekki að taka þetta fyrir á almennum starfsmannafundi þar sem starfsmenn hafa líka atkvæðisrétt.

Fyrsti liður greinargerðar Róberts var samþykktur með þeim breytingum að “allar stofur” verði “flestar stofur”. Hina liðina þarf að útfæra frekar, senda á milli stofa og fá þetta samþykkt á starfsmannafundi. Róbert hvetur til að trúnaðarmenn séu virkjaðir. Hann nefndi að fyrir utan trúnaðarmann Náttúrustofu Vesturlands, mættu þeir ekki á síðasta fund trúnaðarmanna FÍN og eru þeir því ekki að vinna fyrir stofurnar á fullnægjandi hátt. Anna talar um að þeirra stjórn sé sú eina sem er að vinna í þessum kjaramálum. Jafnframt nefnir hún að frá þeirra hálfu hafi komið til tals að draga samningsumboð til baka frá Launaneftdinni.

Fundi slitið